**Jóhann Reynisson**
**Kaplaskjólsvegi 93**
**107 Rvík**

Selfossi 21. sept. 2009

**Efni: Frávísun kæru vegna Suphit Donkanha kt. 080166-2069, Kaplaskjólsvegi 93, 107 Rvík dags. 7. sept 2009.**

Í ofangreindri kæru, sem þú hefur ritað fyrir hönd Suphit Donkanha á hendur tilteknum dómurum í afrýjunardómstól ÍSÍ, kemur fram kæran varðar úrskurð áfrýjunardómstóls ÍSÍ, sem uppkveðinn var 19. ágúst sl.

Skrifstofu ÍSÍ barst kæran í hendur þann 7. sept. 2009

Samkvæmt grein 24.1. er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða, séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands.

Af þessu leiðir að kærufrestur er liðinn og ber að vísa máli þessu frá Dómstóli ÍSÍ. Meðfylgjadi er úrskurður dómsins í máli þessu.

Virðingarfyllst
f.h. Íþróttadómstóls ÍSÍ

Ólafur Björnsson hrl

Ár 2009, mánudaginn 21. september er haldið dómþing í dómstól ÍSÍ af Ólafi Björnssyni hrl

Fyrir er tekið:
Mál nr. 4/2009

Suphit Donkanha
gegn
Jóni G. Zoega, Helga I. Jónssyni, Sorra Olsen og Karli Gauta Hjaltasyni

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR**

Dómstól ÍSÍ hefur borist kæra dags. 7. sept. 2009 frá Suphit Donkanha, kt. 080166-2069, Kaplaskjólsvegi 93, Reykjavík þar sem hún kærir Jón G. Zoega, Helga I Jónsson, Sorra Olsen og Karl Gauta Hjaltason *fyrir að fara ekki að lögum Íþrótta og Ólympíusambands Íslands og reglum sem um dómarastörf þeirra gilda og um golfíþróttina gilda.*

Dómari máls þessa er ekki tengdur málsaðilum með þeim hætti að hann teljist vanæfur að lögum til að dæma mál þetta.

Rót þessa ágreinings sem mál þetta fjallar um hefur áður fengið formlega og efnislega meðferð hjá dómstól ÍSÍ með úrskurði nr. 6/2001. Þar gafst kæranda kostur á að hafa uppi kröfur á hendur þeim aðilum sem hann telur aðila máls og verður mál þetta þess vegna ekki tekið fyrir enn og aftur hjá dómstól ÍSÍ.

Þá er kærufrestur löngu liðinn sbr. 24. gr. laga Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Með vísan til framanritaðs er máli þessu vísað frá dómi.

**ÚRSKURÐARORÐ**

Máli þessu er vísað frá dómi.

F.h. Dómstóls ÍSÍ.

Ólafur Björnsson (sign)